

**93. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fjarfundi,  
15. febrúar 2021 og hófst hann kl. 18:15.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingbór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, skrifstofustjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2102119 - Staða verkefna á Byggðasafninu í Görðum**

Skrifstofustjóri kynnir stöðu helstu verkefna á Byggðasafninu í Görðum.

*Skrifstofustjóra er þakkað fyrir greinagóða yfirferð.*

*Skrifstofustjóra er falið að kalla eftir upplýsingum hjá bæjarráði um stöðu máls Kútters Sigurfara.*

**2. 2102114 - Íþróttasafn Íslands / knattspyrnusafn**

Framtíð íþróttasafns Íslands sem staðsett er í þjónustuhúsinu í Görðum.

Hjálagt er minnisblað deildarstjóra Byggðasafnsins þar sem forsaga sýningarinnar er rakin.

*Lagt fram.*

*Menningar- og safnanefnd telur mikilvægt að skoða málefni íþróttasafnsins í samhengi við húsnæðisframboð og framtíðarsýn safnasvæðisins í heild.*

**3. 2102201 - Menningar- og safnamál - Starfsáætlun 2021**

Tillaga um starfsdag menningar- og safnanefndar.

*Menningar- og safnanefnd samþykkir tillögu um starfsdag nefndarinnar þann 15. mars næstkomandi.*

*Jónella víkur af fundi eftir umræðu undir þessum lið.*

**4. 2102118 - Írskir dagar 2021**

Umræða um ráðningu verktaka fyrir Írskum daga.

*Málið rætt og skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.**